

Mál nr. 386/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 6. nóvember 2025.
3. Bréf V2 dags. 14. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu M til V1 ók sonur hennar X, bifreiðinni A, sem er í eigu M, eftir hringtorgi við Lækjargötu í Hafnarfirði. X hafi ekið eftir ytri akrein þegar bifreiðinni B var ekið á A. Hafi ökumaður B þá verið að fara út af hringtorginu á fyrstu gatnamótum, sem sé óheimilt þar sem B hafi verið ekið á innri akrein þess. Í tjónstilkynningu sinni til V2 lýsir ökumaður B atvikum svo að hún hafi verið að keyra í innri hring á hringtorginu og hafi ætlað út úr því á fyrstu gatnamótum. Þegar hún hafi ekið frá innri akreininni hafi B rekist á A.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A, sem hefði borið að veita umferð af innri akrein forgang við akstur út af hringtorginu, bæri helming sakar á árekstri bifreiðanna. Ökumaður B bæri helming sakar fyrir að aka úr innri hring hringtorgsins á fyrstu gatnamótum.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur ökumann B bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hún hafi ekið á fyrstu gatnamótum út af hringtorginu af innri akrein þess, ekki gefið stefnumerki til marks um þá fyrirætlan sína og ekki gætt að áskilnaði 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um sérstaka aðgát við beygju á vegamótum. Til vara er farið fram á að sök verði skipt með þeim hætti að ökumaður A beri 1/3 hluta sakar en ökumaður B 2/3 hluta. Því til stuðnings er vísað til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 99/2024.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, til nefndarinnar kemur fram að fyrir liggi viðurkenning ökumanns B um að hún hafi ekki gefið stefnumerki til merkis um akstur út af hringtorginu. Ekki liggi fyrir hvort X hafi heldur gefið stefnumerki til marks um þá fyrirætlan sína að aka fram hjá gatnamótunum. Þegar litið sé til þess hvernig umferð í hringtorgum gengur almennt fyrir sig og þess að báðir ökumenn hafi brotið gegn háttarnisreglum umferðarlaga verði það ekki metið ökumanni B til aukinnar sakar að hafa ekki gefið stefnumerki. Ákomur á bifreiðarnar séu á vinstra frambretti A og hægri frambretti B. Leiði það til þess að úrskurður nefndarinnar í máli 99/2024 hafi ekki fordæmisgildi, enda hafi í því tilviki verið um að ræða ákomur á afturhluta þeirrar bifreiðar sem var ekið um ytri hring hringtorgs. Er afstaða V2 því sú að skipta skuli sök til helminga enda sé það einnig til samræmis við nánar tilgreind fordæmi nefndarinnar.

Álit.

Samkvæmt 25. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er hringtorg skilgreint sem vegamót þar sem hringlaga svæði er í miðjunni með akbraut umhverfis. Þá segir í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. laganna að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Samkvæmt i.-líð 3. mgr. 33. gr. ber ökumanni sem ekur út úr hringtorgi að gefa þá fyrirætlan sína til kynna með stefnumerki. Hið sama á við, sbr. j.-líð 3. mgr. 33. gr., þegar ökumaður ekur á ytri hring torgs fram hjá gatnamótum þess.

Ljóst er gögnum málsins að árekstur A og B átti sér stað við fyrstu gatnamót út úr hringtorginu eftir að B var ekið inn í hringtorgið. Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hún ók inn í hringtorgið bar henni að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. Á þessu varð misbrestur.

Þá bar ökumanni A að veita umferð úr innri hring forgang er hann ók fram hjá gatnamótunum, sbr. 3. málsl. sömu málsgreinar, en á því varð einnig misbrestur.

Með því að ökumaður B valdi ekki rétta akrein um hringtorgið miðað við fyrirhugaða akstursleið og því að ökumaður A virti ekki forgang B út úr hringtorginu teljast báðir ökumenn eiga sök á árekstrinum. Við þær aðstæður verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Verður það heldur ekki ráðið af ákomum á bifreiðunum. Hvað varðar stefnumerkjagjöf þá virðist liggja fyrir að ökumaður B vanrækti að gefa stefnummerki til samræmis við áskilnað laganna. Verður þó ekki talið, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að þetta atriði leiði til þess að annar ökumanna beri sök umfram hinn. Ekkert liggur heldur fyrir um hvort X hafi gefið stefnummerki til marks um að hann hygðist aka fram hjá gatnamótunum og er því ekki borið við í fyrirbyggjandi tjónstilkynningu.

Samkvæmt framangreindu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður að skipta sök þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna A og B.

Reykjavík, 9. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir